

Meðferð í nýrnasteinbrjóti

Meðferð í nýrnasteinbrjótnum Mjölni er veitt í þeim tilgangi að brjóta stein eða steina sem myndast hafa í nýrum. Meðferðin er ekki ætluð ófrískum konum.

Undirbúningur fyrir meðferð

- Hætta þarf tímanlega allri blóðþynningu í samráði við hjúkrunarfræðing.
- Borða má morgunmat daginn fyrir meðferð, síðan einungis mat á fljótandi formi (þarf ekki að vera tært) það sem eftir er dags.
- Fasta þarf á mat og drykk í tvær klukkustundir fyrir meðferð.
- Vegna áhrifa lyfja sem gefin eru í meðferðinni má ekki aka bíl fyrr en daginn eftir, því er nauðsynlegt að gera ráðstafanir varðandi heimferð.

Meðferðardagur

Mæta í röntgenmyndatöku í kjallara Landspítala við Hringbraut og síðan í nýrnasteinbrjótinn Mjölni á göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð.

Meðferðin tekur 40–60 mínútur eftir því hvar nýrnasteinn/-steinar eru staðsettir. Metið er hverju sinni hvort þörf er á lyfjaforgjöf. Verkjalyf er gefið í æð meðan á meðferð stendur. Sjúklingurinn leggst á sérstakan bekk þar sem höggbylgjur eru sendar á nýrnasteininn. Örlítið vatn er sett á bekkinn til að auka leiðni bylgjanna. Einnig er gefinn vöki í æð og fylgst með hjartslætti og súrefnismettun. Að lokinni meðferð getur sjúklingur jafnað sig í hvíldarherbergi eða farið beint heim.

Útskrift

Verkir

Nauðsynlegt er að eiga verkjalyf til að taka ef þörf er á. Ef ber á verkjum þegar steinn eða brot gengur niður í þvagblöðruna, þarf að minnka magn vökva sem drukkinn er því hann getur aukið verkina.

Matur og drykkur

Æskilegt er að drekka vel fyrstu dagana eftir meðferð, helst um tvo lítra á dag.

Þvaglát

Þvagið getur verið blóðlitað í nokkra daga.

Vinna

Ráðlegt er að hvílast meðferðardaginn.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir meðferðina. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Leita þarf til læknis ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Hiti er hærri en 38°C
- Verkir minnka ekki við töku verkjalyfja

Þeir sem búa úti á landi snúa sér til heilsugæslu eða heimilislæknis.

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 8–16 nema föstudaga kl. 8–12, sími 543 7100.

Utan þess tíma er ráðlagt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis. Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga. Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.